

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR



UMHVERFISSTEFNA
BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR
APRÍL 2020

TILGANGUR OG MARKMIÐ

Birta lífeyrissjóður starfar samkvæmt samþykktum sem samþykktar eru á ársfundi hans og síðan staðfestar af fjármálaráðuneytinu í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Með lífeyrissjóði er samkvæmt ofangreindum lögum átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt samþykktum.

Birta lífeyrissjóður hefur hag af sjálfbærri þróun samfélagsins og tekur umhverfismál alvarlega. Sjóðurinn er aðili að UNPRI – Reglum SP um ábyrgar fjárfestingar, sem gerir kröfur til UFS málefna við fjárfestingarákvarðanir.

Það er stefna Birtu lífeyrissjóðs að efla þekkingu á umhverfisáhrifum starfseminnar og leitast við að draga úr þeim. Að umhverfisvitund endurspeglar í rekstri sjóðsins, stjórnun, ákvarðanatöku og daglegum störfum starfsfólks. Ennfremur að dregið verði úr kostnaði í rekstri sjóðsins.

Starfsfólk Birtu fær reglulega fræðslu sem gerir það meðvitaðra og hæfara í að draga úr umhverfisáhrifum í störfum sínum.

Árlega setur sjóðurinn markmið í umhverfismálum og leggur mat á árangurinn. Í framhaldinu er unnið með þá þætti sem betur mega fara með áherslu á stöðugar umbætur. Upplýsingum um árangur í umhverfismálum er miðlað til starfsfólks og samfélagsins.

Sjóðurinn vinnur samkvæmt lögum í umhverfismálum og skuldbindur sig um að vernda umhverfið og koma í veg fyrir mengun.

Sjóðurinn er meðvitaður um ábyrgð sína um að stuðla að aukinni vitund í umhverfismálum með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum fjárfestingamöguleika (mótaðilar).

Stefnan skal rýnd árlega af stjórnendum og starfsmönnum.

Leiðarljós

Birta leggur áherslu á :

- Auka vægi stafrænnar þjónustu**
Lögð er rík áhersla á góða stafræna þjónustu án þess þó að dregið verði úr þjónustustigi.
- Fara sparlega með auðlindir**
Við rekstur og viðhald húsnæðis er tekið mið af vistvænum áherslum. Leitast er við að lágmarka óþarfa notkun rafmagns, vatns og pappírs.
- Minnka úrgang**
Birta leggur áherslu á að lágmarka úrgang og hámarka hlutfall endurnýtanlegs úrgangs.
- Kolefnishlutlaus starfsemi**
Sjóðurinn leggur áherslu á að vera kolefnishlutlaus með því að lágmarka kolefnisfótspor vegna reksturs skrifstofu og stuðla að kolefnisbindingu.
- Vistvæn innkaup á vörum/þjónustu** Við innkaup er leitast við að velja umhverfismerktar vörur og taka tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða.
- Grænar áherslur í fjárfestingum**
Lögð er áhersla á að taka tillit til umhverfis-sjónarmiða við val á fjárfestingarkostum að teknu tilliti til lögbundinna fjárhagslegra skuldbindinga í rekstri.

Sjóðurinn starfar samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi sem er vottað af þriðja aðila skv. umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001.